

FUNDARGERÐ

Árið 2017, föstudaginn 31. mars kl. 12.15 kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í Sölvhólsvör á 1. hæð í innanríkisráðuneytinu, Sölvhólsgötu 7 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Guðný Sverrisdóttir formaður, nefndarmennirnir Ásgerður Gylfadóttir, Birgir Björn Sigurjónsson, Bjarni Jónsson, Karen E. Halldórsdóttir, Sigríður Huld Jónsdóttir og Valdimar O. Hermannsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Bergi Sigurjónssyni, Elínu Gunnarsdóttur, Guðna Geir Einarssyni og Tinnu Dahl Christiansen sem ritaði fundargerð.

Að auki sat Tryggvi Þórhallsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga fundinn undir lið 12, framtíðarhlutverk Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga ásamt lið 17 varðandi framlög til stórra sjálfstæðra þjónustueininga.

Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð 27. desember 2016 og 3. febrúar 2017

Lagðar voru fram fundargerðir frá 27. desember 2016 og 2. febrúar 2017 til umfjöllunar og afgreiðslu.

Fundargerðir frá 27. desember 2016 og 3. febrúar 2017 voru samþykktar án athugasemda og undirritaðar.

2. Framlög til landshlutasamtaka sveitarfélaga vegna samstarfsverkefna

Framhald var á umræðu frá fyrri fundi nefndarinnar frá 3. febrúar 2017. Lagt var fram minnisblað með tillögu að hækkingu framlagsins úr 25 m.kr. upp í 34 m.kr. ásamt tillögu á skiptingu milli landshlutasamtakanna. Byggir hækkingu framlagsins á þróun launavísitölu og neysluverðsvísitölu frá árinu 2011 til ársins 2017.

Ráðgjafarnefndin samþykkti tillöguna og ákvað að framlagið skyldi hækka úr 25 m.kr. upp í 34. m.kr.

3. Framlög vegna sameiningar sveitarfélaga

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs dags. 21. mars 2017 varðandi umsókn um framlag vegna sameiningar sveitarfélaga sbr. reglugerð nr. 295/2003. Sveitarfélögin Stykkishólmsbær, Grundarfjarðarbær og Helgafellssveit sækja um framlag vegna könnunar á hagkvæmni sameiningar að fjárhæð 11.880.000 kr.

Nefndin samþykkti að leggja til við ráðherra úthlutun vegna könnunar á hagkvæmni sameiningar Stykkishólmsbæjar, Grundarfjarðarbæjar og Helgafellssveitar að fjárhæð allt að 11.880.000 kr.

4. Útgjaldajöfnunarframlög 2017

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs dags. 28. mars 2017 ásamt upplýsingum er liggja að baki enduráætluðum útgjaldajöfnunarframlögum fyrir árið 2017. Áætlunin tekur mið af uppfærðum íbúafjöldatölum frá 1. janúar 2017 og uppfærðum hámarkstekjum í hverju sveitarfélagi.

Ráðgjafarnefndin fór yfir forsendur er varða enduráætlun A- og B-hluta framlaganna fyrir árið 2017 og samþykkti breytingar.

5. Umsókn vegna íþyngjandi kostnaðar - Langanesbyggð

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá sveitarstjóra Langanesbyggðar dags. 23. mars 2017. Í erindinu er óskað eftir aðkomu Jöfnunarsjóðs í framkvæmdakostnaði vegna endurbyggingar á

húsnæði grunnskólans á Þórshöfn vegna myglu. Kostnaður endurbyggingarinnar nemur 153,3 m.kr. og er að langmestu leyti (146 m.kr.) fjármagnaður með lánnum frá Lánasjóði íslenskra sveitarfélaga. Um er að ræða framkvæmd sem hefur mikil áhrif á fjárhagsstöðu sveitarfélagsins.

Í umfjöllun um erindið kom fram það mat ráðgjafarnefndar að erindið félli ekki undir heimildir í a-lið 11. mgr. rgl. nr. 960/2010 hvað framlög sjóðsins til sérstakra verkefna varðar. Samþykkti nefndin því að erindi Langanesbyggðar væri hafnað.

6. Sérstakt framlaga vegna tekna af skatti á fjármálafyriræki

Framhald var á umræðu frá fundi ráðgjafarnefndarinnar þann 27. desember 2016 um dreifingu fjármagns sem tilheyrir auknum tekjum sjóðsins vegna skatts á fjármálafyrirtæki. Fram kom að samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra hafi mælt fyrir frumvarpi um breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, en innanríkisráðherra lagði sambærileg frumvörp fram á vor- og haustþingi 2015 sem ekki hlutu afgreiðslu. Um er að ræða ákvæði um að auknum tekjum Jöfnunarsjóðs vegna álagningar sérstaks skatts á fjármálafyrirtæki yrði úthlutað til sveitarfélaga í samræmi við hlutdeild þeirra í álögðu heildarútsvari til að veða á móti þeim áhrifum sem lög um séreignasparnað og ráðstöfun hans til greiðslu húsnæðislána og húsnæðissparnaður hafa á útsvarstekjur sveitarfélaga.

Ráðgjafarnefnd var sammála um að bíða niðurstöðu þinglegrar meðferðar frumvarpsins. Nefndarmaðurinn Bjarni Jónsson ákvað að sitja hjá. Fram kom að ráðherra muni sitja næsta fund nefndarinnar.

7. Kennsluráðgjafi í nýbúafræðslu

Lagður var fram til umfjöllunar og afgreiðslu samningur Menntamálastofnunar, Sambands íslenskra sveitarfélaga og innanríkisráðuneytis vegna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna flutnings á starfi kennsluráðgjafa í nýbúafræðslu frá Reykjavíkurborg til Menntamálastofnunar.

Ráðgjafarnefndin samþykkti framlagðan samning.

8. Framlög vegna nýbúafræðslu 2017

Lagt var fram minnisblað frá starfsmanni Jöfnunarsjóðs dags. 14. febrúar 2017 með tillögu að endurskoðuðu áætluðu framlagi vegna nýbúafræðslu árið 2017. Nú hafa borist athugasemdir og leiðréttingar ásamt síðbúnum umsóknum frá sveitarfélögum. Fjölgað hefur um 133 nemendur frá fyrri áætlun. Samtals er því um að ræða 2.150 nemendur sem falla undir viðmið sjóðsins pr. 130.000 kr. eða samtals 279.500.000 kr. eða hækkun um 11.050.000 kr. frá fyrri áætlun. Einnig er áætlað fyrir 17 nemendum til viðbótar og því endurskoðað áætlað framlag í heild 281.710.000 kr.

Að umfjöllun lokinni samþykkti nefndin tillögu að endurskoðuðu áætluðu framlagi vegna nýbúafræðslu árið 2017 að upphæð 281.710.000 kr.

9. Barnaverndarstofa

Framhald var á umræðu frá síðasta fundi nefndarinnar 3. febrúar 2017. Lagt var fram minnisblað frá starfsmanni Jöfnunarsjóðs dags. 28. mars 2017 með frekari útskýringum á framlagi til Barnaverndarstofu. Í erindi Barnaverndarstofu er óskað eftir framlagi frá Jöfnunarsjóði vegna kennslukostnaðar barna sem vistuð eru utan lögheimilissveitarfélags vegna vorannar 2016 að upphæð 5.852.620 krónur.

Að lokinni umræðu samþykkti nefndin umsókn Barnaverndarstofu með framlagi að upphæð 5.852.620 kr. vegna vorannar 2016, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 351/2002.

10. Almenn framlög vegna reksturs grunnskóla 2017

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs dags. 29. mars 2017 ásamt forsendum er liggja að baki enduráætluðum almennum jöfnunarframlögum vegna grunnskóla fyrir árið 2017. Áætlunin tekur mið af uppfærðum íbúafjöldatölum frá 1. janúar 2017 og uppfærðum útsvarsstofni sveitarfélaga.

Ráðgjafarnefndin fór yfir forsendur er varða enduráætlun úthlutunar almennra framlaga vegna grunnskólans fyrir árið 2017. Samþykkti nefndin tillöguna.

11. Ytra mat á grunnskólum

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 9. mars 2017. Í erindinu óskar Sambandið eftir afstöðu Jöfnunarsjóðs til þess að samstarfssamningur vegna þróunarverkefnis um ytra mat á skólastarfi verði framlengdur út árið 2017. Áætlaður heildarkostnaður við verkefnið er 25,1 m.kr. og miðað við 40% þátttöku Jöfnunarsjóðs yrði framlag sjóðsins 10 m.kr.

Eftir yfirferð á málinu ákvað nefndin að beiðni Sambandsins yrði tekin til greina og samþykkti framlag að fjárhæð 10 m.kr. Framlagið er úthlutað á grundvelli heimildarákvæðis í 3. lið 8. gr. reglugerðar nr. 351/2002, um framlög sjóðsins til reksturs grunnskóla.

12. Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Lagt var fram minnisblað um útfærslu stofnframlaga vegna húsnæðisúrræða fyrir fatlað fólk og mögulega verkaskiptingu Íbúðalánasjóðs og Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Tryggvi Þórhallsson frá Sambandinu reifaði málið og gerði grein fyrir ágreiningi um kostnaðarþátttöku ríkisins í verkefninu. Lagði til þá málamiðlun að þessum 22% væri skipt á milli íbúðalánasjóðs og Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Ákveðið var að bíða með ákvörðun og fresta erindinu þar til á næsta fundi, 21. apríl n.k. Fram kom að æskilegt væri að þá væri búíð að ræða við þá ráðherra sem hafa með þessi mál að gera.

13. Framlag vegna breytinga/kaupa á húsnæði

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá Akureyrarkaupstað þar sem óskað er eftir aðkomu Jöfnunarsjóðs að lausn á húsnæðismálum fimm manna fjölskyldu á Akureyri með eitt alvarlega fatlað barn. Íbúð fjölskyldunnar hentar ekki lengur vegna fötlunar barnsins og þarf fjölskyldan að kaupa sér nýtt og betra húsnæði. Óskað er eftir því að Jöfnunarsjóður komi að lausn málsins með því að leggja fram 15-20 m.kr. framlag.

Nefndin var sammála um að fresta erindinu þar sem ekki lægi fyrir með hvaða hætti sjóðurinn komi að málum er tengjast uppbyggingu fasteigna í málaflöki fatlaðs fólks. Jafnframt var samþykkt að fá nánari upplýsingar frá sveitarfélaginu um það með hvaða hætti sveitarfélagið hyggst leysa úr húsnæðisvanda fjölskyldunnar.

14. Erindi frá Byggðasamlagi Vestfjarða

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá Byggðarsamlagi Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks dags. 2. febrúar 2017. Í erindinu er þess krafist að ákvæði um viðbótarframlag verði fast bundið í reglugerð eins og reglugerðum 242/2014 og 631/2015, en ekki sem heimildarákvæði eins og fram kemur í reglugerð 179/2016.

Nefndin samþykkti að í reglugerð ársins 2017 verði ákvæði um viðbótarframlag ársins í formi heimildarákvæðis.

15. Framlög ársins 2017

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs dags. 27. mars 2017 ásamt drögum að reglugerð framlaga vegna málefna fatlaðs fólks fyrir árið 2017. Helstu breytingar á reglugerðinni byggja á ákvörðun ráðgjafarnefndar um breytt vægi breyta í 3. gr. framlaganna og b. lið II. hluta 3. gr. vegna ákvæða um skerðingu.

Nefndin samþykkti fyrirbyggjandi breytingar á reglugerð en kallaði eftir nánari skoðun á c. lið 1. gr. varðandi 150 m.kr. framlags vegna notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar (NPA). Jafnframt samþykkt að senda Sambandi íslenskra sveitarfélaga reglugerðina til umsagnar.

16. Framlög til Reykjadal á árinu 2017

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs dags. 28. mars 2017 vegna Reykjadal. Frá yfirfærslu málefna fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga 1. janúar 2011 hefur Reykjadalur notið framlaga úr Jöfnunarsjóði á grundvelli samkomulags Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra við innanríkisráðuneytið vegna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Á fundi ráðgjafarnefndarinnar í fyrra var ákveðið að hækka framlag úr 58,6 m.kr. í 80 m.kr. á árinu 2016 og að mögulega ætti að verðbæta framlagið á árinu 2017.

Eftir umræður samþykkti nefndin hækkun á framlaginu þar sem miðað yrði við þróun launavísitölu (75%) og þróun neysluverðsvísitölu (25%).

17. Framlög til stórra sjálfstæðra þjónustueininga

Lagt var fram til kynningar minnisblað frá lögfræði- og velferðarsvið Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 17. mars 2017 og áður framlagt erindi frá innanríkisráðuneytinu dags. 20. sept. 2106. Tryggvi Þórhallsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga gerði grein fyrir minnisblaðinu og fjallað var um ýmsa möguleika í stöðunni. Fram kom í máli Tryggva að sambandið leggði á það áherslu að boða til fundar með ráðherrum félags- og jafnréttismála og samgöngu- og sveitarstjórnarmála ásamt fulltrúum frá þeim sveitarfélögum/þjónustusvæðum sem eru með mesta umfang núverandi samninga og móta þessa stefnu.

Eftir yfirferð málsins sammæltist ráðgjafarnefndin um að fara eftir tillögu Sambandsins og boða til fundar með ráðherrum og hlutaðeigandi aðilum ásamt því að gera rekstrarúttekt á Skálatúni.

18. Endurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Formaður og starfsmenn gerðu grein fyrir stöðu verkefnisins og vænta mætti einhverjar niðurstöðu frá starfshópnum í vor/sumar sem yrði kynnt næsta haust. Var það var upp þeirri hugmynd að ráðgjafarnefndin kæmi að þessari vinnu.

19. Árleg ferð ráðgjafarnefndar

Rætt var um árlega ferð ráðgjafarnefndar og ákveðið var að ræða málið frekar á næsta fundi.

20. Önnur mál

Vinnureglur Jöfnunarsjóðs

Farið var yfir drög að vinnureglum sjóðsins varðandi fundi ráðgjafarnefndar, þar kom eftirfarandi fram:

- Fundir nefndarinnar skulu að öllu jöfnu haldnir einu sinni í mánuði á föstudögum.
- Minnisblöð til ráðgjafarnefndar þar sem lagðir eru fram útreikningar helstu jöfnunarframlaga sjóðsins skulu berast nefndinni eigi síðar en kl. 14:00 á miðvikudegi ef fundað er á föstudegi.

- Önnur minnisblöð skulu berast nefndinni fyrir kl. 22:00 á miðvikudegi ef fundað er á föstudegi. Jafnframt verður endanleg dagskrá fundarins að liggja fyrir á sama tíma.
- Fundargerðir ráðgjafarnefndar skulu liggja fyrir 10 dögum eftir fund.
- Næsti fundur ráðgjafarnefndarinnar skal ákveðinn í lok hvers fundar og boðað til hans samdægurs.

Jafnframt var rætt um með hvaða hætti gögnum/upplýsingum væri skilað til nefndarmanna og verður skoðað hvort mögulega megi geyma gögn til nefndarinnar rafrænt í „skýi“.

Næsti fundur nefndarinnar var ákveðinn 21. apríl 2017 kl. 12:15 og var ákveðið að boða ráðherra til fundarins.

Einnig var settur tími fyrir næsta fund þar á eftir og sammælt um að hann skyldi verða 12. maí kl 12:15.

Fleira var ekki gert og fundi slitið 15:55.

Guðný Sverrisdóttir

Ásgerður Gylfadóttir

Birgir Björn Sigurjónsson

Bjarni Jónsson

Karen E. Halldórsdóttir

Sigríður Huld Jónsdóttir

Valdimar O. Hermannsson